

Miðvikudaginn 1. október 1997.

Nr. 391/1997. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Tryggva Sigfússyni

(Róbert Árni Hreiðarsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Mannréttindasáttmáli Evrópu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 25. september 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 26. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. september 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 24. október nk. kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað aftur til héraðsdóms til löglegrar meðferðar og úrskurðar að nýju. Til vara krefst hann þess, að kröfu sóknaraðila um gæsluvarðhald verði hafnað, en til þrautavara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Samkvæmt 2. mgr. 134. gr. laga nr. 19/1991 skal í úrskurði héraðsdóms í sambandi við rannsókn máls rökstyðja niðurstöðu í stuttu máli og draga hana saman í úrskurðarorð. Röksemdafærsla í hinum kærða úrskurði fullnægir þeim kröfum, sem eru gerðar með þessu ákvæði, enda er þar ekki mælt fyrir um nauðsyn þess að tíunda í úrskurði hvert atriði, sem málsaðili ber fyrir sig, og taka sérstaka afstöðu til þess. Eru því ekki efni til að verða við aðalkröfu varnaraðila um ómerkingu hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna úrskurðar héraðsdóms verður staðfest sú niðurstaða hans, að sterkur grunur beinist að varnaraðila um, að hann hafi með tveimur árásum, sem þar er nánar lýst, orðið sekur um brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr., eða 2. mgr. 218. gr. almennra

hegningarlaga nr. 19/1940. Viðurlög við þeim brotum geta farið fram úr þeim mörkum, sem getið er í 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Fallist verður á það með sóknaraðila, að gæsluvarðhald yfir varnaraðila sé nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna, svo sem áskilið er í umræddri 2. mgr. 103. gr., eins og hún verður skýrð með tilliti til 5. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, en ekki er hald í þeirri röksemd varnaraðila, að fyrrnefnda lagaákvæðið sé andstætt hinu síðarnefnda og verði að víkja þannig fyrir yngri lögum. Er því fullnægt skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila. Ekki er þá þörf á að taka afstöðu til þess, hvort einnig séu skilyrði til gæsluvarðhalds samkvæmt a-lið 1. mgr. sömu greinar.

Samkvæmt framangreindu verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. september 1997.

Ár 1997, mánudaginn 22. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingvaldi Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur með vísan til a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála krafist þess, að Tryggva Sigfússyni, kt. 210356-4019, Vesturvör 9, Kópavogi, gerði gert að sæta gæsluvarðhaldi, allt þar til héraðsdómur fellur í máli hans, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 29. október nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr., og 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn kl. 4.55 sunnudagsmorguninn 21. september sl., en þá komu á miðbæjarstöð lögreglunnar þrír aðilar í miklu uppnámi, þeir Heiðar Gottskálfsson, Jökull Gunnarsson og Steinunn Björk Halldórsdóttir. Steinunn Björk var blóði drifin, en hún hafði verið stungin með hnífi í brjóstið. Féll hún niður á gólf lögreglustöðvarinnar og var flutt á sjúkrahús, þar sem gert var að sárum hennar. Að sögn lækna var hún í bráðri lífshættu við komuna á sjúkrahúsið og gekkst undir hjartaaðgerð. Skömmu eftir að Steinunn Björk kom á lögreglustöðina, kom þar einnig kærði með hníf í hendi, og var hann þá handtekinn.

Vinur Steinunnar Bjarkar, framangreindur Heiðar Gottskálksson, hefur borið, að þau Steinunn Björk hafi komið að fólki í áflogum í Hafnarstræti, og hafi einn úr hópnum reynt að stinga sig og síðan snúið sér að Steinunni og stungið hana í brjóstið. Þau Steinunn hafi síðan hlaupið inn á miðbæjarstöð lögreglunnar, og hafi árásarmaðurinn birst þar skömmu síðar með hníf í hendi.

Um þau átök, sem urðu í Hafnarstræti, ber Egill Sigurbjörnsson, að hann hafi setið á tröppum í Hafnarstræti með unnustu sinni, Ingibjörgu Ýri Jóhannsdóttur, er tveir menn komu að þeim og fóru að skipta sér af þeim. Hann hafi dregið upp hníf, sem hann var með, og otað að þeim og skipað þeim að koma sér í burtu. Mennirnir hafi hins vegar ráðist á sig og Ingibjörgu og náð að taka hnífinn af sér. Hinn stærri hafi setið ofan á sér og haldið fyrir augu sér, og hafi hann þá heyrt öskur í Ingibjörgu og gert sér grein fyrir, að eitthvað hræðilegt hefði gerst. Eftir að hann náði að losna undan mannum, hafi hann séð Ingibjörgu liggja á bakinu á götunni, en mennirnir hins vegar hlaupið á brott. Ingibjörg var flutt á sjúkrahús, og var þar gert að sárum hennar, en hún hlaut stungusár á kviðvegg rétt fyrir neðan brjóstkassa. Að sögn læknis lenti stungan ekki á innri líffærum, og urðu því ekki alvarlegar blæðingar.

Egill hefur borið, að hnífur sá, sem tekinn var af kærða á lögreglustöðinni, sé sá hnífur, sem hann á og tók upp, er áflogin hófust.

Fjöldi vitna hefur borið um ofangreinda árás við Hafnarstræti, og er lýsing þeirra í samræmi við framburð Egils og svarar til þess, að kærði sé sá, sem réðst á Ingibjörgu. Sá þau enn fremur kærða hlaupa í átt að miðbæjarstöð lögreglu með hníf í hendi.

Kærði segist muna óljóst eftir atburðarás. Í lögregluskýrslu, sem tekin var af kærða, kveðst hann þó muna eftir því, að hann hafi ásamt Jökli Gunnarssyni verið að ganga eftir Hafnarstræti í austurátt. Þá muni hann óljóst eftir því, að einhver maður með hníf hafi verið að veitast að Jökli, og hið næsta, sem hann muni, hafi verið, að hann hafi allt í einu verið kominn með hnífinn í hendur og stúlka hafi hlaupið á hnífinn. Þá hafi önnur stúlka reynt að hefta för sína, er hann hafi ætlað að hlaupa í burtu, og muni hann ekki, hvort hann lagði til hennar með hnífi eða ekki, en fyrir dómi hefur hann sagt, að hann hafi otað hnífnum að henni til þess að fá hana til að víkja úr vegi. Hann hafi síðan orðið skelfingu lostinn, þar sem mikil ringulreið hafi verið á staðnum, og hlaupið niður á miðborgarstöð lögreglunnar.

Brot það, sem kærði er grunaður um, varðar við 211. gr., sbr. 20. gr., og 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til þess, sem hér er að framan rakið, rannsóknargagna málsins

og þeirra hættulegu áverka, sem stúlkurnar tvær hlutu af hnífstungu kærða og hafði nær orðið annarri þeirra að bana, leikur sterkur grunur á, að kærði hafi gerst brotlegur við 211. gr., sbr. 20. gr., og 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og ætla má, að kærði geti torvelað þá rannsókn með því að hafa áhrif á vitni, fari hann frjáls ferða sinna. Þar sem kærði er undir sterkum grun um svo alvarlegt brot sem tilefnislausa árás með hnífi, þykir skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 einnig fullnægt.

Ber því með vísan til a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að taka til greina kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, svo að kærða verður gert að sæta gæsluvarðhaldi til föstudagsins 24. október næstkomandi kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Tryggvi Sigfússon, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 24. október nk. kl. 16.00.
